

21. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

12. mgr. 6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Matsnefnd raðar umsækjendum um starf prests í þjóðkirkjunni, að fullnægðum skilyrðum, í þá röð sem hún metur hæfni viðkomandi til starfans.

2. gr.

3. mgr. 8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar, sbr. 6. gr., boðar kjörnefnd umsækjendur til viðtals.

3. gr.

Orðin „miðað við fullskipaða kjörnefnd“ í 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna falla brott.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.